

Umsögn um 487. mál: „Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á virðisaukaskattsumhverfi íþróttahreyfingarinnar.“

Það er rétt sem segir í tillögunni, að grunnurinn að öflugu íþróttastarfi á Íslandi er þátttaka sjálfbóðaliða.

Myndi ég vilja taka enn fastar til orða og segja að íþróttastarf á Íslandi myndi að mestu leiti leggjast af ef ekki kæmi til ósérhlífín vinna hinna fjölmörgu sjálfbóðaliða sem gera starfið ekki bara mögulegt, heldur líka skemmtilegt.

Íþróttastarf á Íslandi er í miklum blóma, og má þar til dæmis nefna það aukna námsframboð í skólum landsins og hjá ÍSÍ sem býðst metnaðarfullum íþróttamönnum, hvort sem þeir eru iðkendur eða þjálfarar. Áframhaldandi þróun í þá átt mun auka gæði okkar unga íþróttafólks og hróður landsins enn frekar á komandi árum. Enn er það samt sjálfbóðaliðinn sem tryggir það að þetta menntaða fólk geti sinnt þessu starfi af alúð og ábyrgð með þrotlausri vinnu við að halda íþróttafélögum landsins gangandi.

Allar þær breytingar sem alþingi getur gert til þess að létta bæði það að draga inn nýja sjálfbóðaliða (sjá málsgrein um ábyrgð stjórnarmanna og sjálfbóðaliða í kaflanum „Markmið“ í tillögunni), og að gera sjálfbóðaliðum starfið auðveldara munu einungis vera til góðs hreyfingunni allri, sem og nærumhverfi allra þeirra íþróttafélaga sem starfrækt eru.

Handknattleiksdeild Fjölnis verður einnig að taka undir með lokakafla tillögunnar: „Heimild til að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af byggingu íþróttamannvirkja.“

Grafarvogur er fjölmennasta póstnúmer Reykjavíkur. Aðstaða til íþróttaiðkunar er þar samt langt undir pari miðað við þörf. Verið er að reyna að halda uppi öflugu íþróttastarfi sem miðar að því að ala upp sterka einstaklinga í öflugu íþróttastarfi sem geta verið stoltir af félaginu sínu og hverfinu. Eins og staðan er í dag þá hefur handknattleiksdeild Fjölnis ítrekað misst frá sér efnilegt íþróttafólk sökum aðstöðuskorts. Íþróttafólk sem margt hvert þráir að geta komið „heim“ og eflt enn frekar íþróttaupbyggingu í Grafarvogi. (Vitum við til þess að svo er einnig um að ræða hjá fleiri deildum Fjölnis.)

Undanfarin ár hefur Fjöl nir barist hart fyrir því að tryggja það að þetta frábæra íþróttafólk geti stundað sínar íþróttir í hverfinu.

Heimild til að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af byggingu íþróttamannvirkja mun örugglega verða gífurleg lyftistöng fyrir félagið og hjálpa til við að gera Grafarvoginn enn íbúavænni en hann nú er. Sama hlýtur að eiga við um öll önnur íþróttafélög á landinu.

Handknattleiksdeild Fjöl nis styður heilshugar við þessa þingsályktun.

Bestu kveðjur,
Kristján Gaukur Kristjánsson
Formaður handknattleiksdeildar Fjöl nis